Á myndinni táknar $\lambda_{f,m}(t)dt$ hættu á að kona á aldri t deyi á tímabilinu $(t, t + dt)$. Á sama hátt táknar $\lambda_{f,p}(t)dt$ hættuna á að ógift kona pari sig, $\lambda_{f,d}(t)dt$ hættu á að gift kona skilji og $\lambda_{m,m}(t)dt$ hættu á að karlmaður deyi. Gift kona verður ógift með því að skilja eða það að makinn látist. Hættan á því er er $\lambda_{m,m}(t)dt + \lambda_{f,d}(t)dt$. Auðvelt er að hugsa sér að stuðlar í AR(1) líkani séu háðir hjónabandsstöðu.

Samfelldar breytur í samfelldum tíma

Skuldir eru langtímahagstærð. Ef skuldir eru miklar þá er eðlilega að í nálægri framtíð verði skuldir einnig miklar. Ákvörðun einstaklings um skuldsetningu eru einnig háð því hvar á æviskeiðinu einstaklingurinn sé staðsettur. Snemma á ævinni er einstaklingur sem á framtíðina fyrir sér er hæfari til að standa undir skuld. Eðlilegt er að lánsfjármarkaðurinn átti sig á þessu og setji fram einhvers konar aldursháð skuldastöðuviðmið. Til að herma hugsanlega skuldaferla má hugsa sér sömu hugmynd og áður:

$$dX(t) = \kappa(\beta(t) - X(t))dt + \sigma X(t)dW.$$

Hér er κ eins og áður aðlögunarhraði einstaklingsins, en $\beta(t)$ ákvarðar viðmið skuldastöðunnar fyrir gefinn aldur t. Breytingarnar ákvarðast af stærðinni $\sigma X(t)$, þ.e. að ef skuldin er lág þá er ferill lítt breytilegur. Í mynd 5 eru sýndar hermanir á nokkrum ferlum. Reglulegi ferillinn á myndunum er $E(X(t))$, úr jöfnu (4), sem ákvarðar hvernig $\beta(t)$ er reiknað út. Það er rétt að benda á að þessir ímynduðu skuldaferlar eru án nokkurra tengsla við eignir eða tekjur. Hliðstæðar hermanir er mögulegar fyrir eignir. Til dæmis mætti auðveldlega herma hlutfalla eigna og skulda þannig að til dæmis 50% fólks undir 40 ára væru með neikvæða eiginfjárstöðu og og 30% fólks undir 50 ára væri með neikvæða eiginfjárstöðu.



Mynd 5. Nokkrir hugsanlegir skuldaferlar



Mynd 6. Nokkrir hugsanlegir tekjuferlar

Ímynd 6 er sýndir nokkrir hugsanlegir ferlar úr CEV líkani með $\beta = 5$, $\kappa = 0.1$ og $\sigma = 0.4$. Gert er ráð fyrir að allir hafi 0 tekjur upp að 25 ára aldri og fái þá upphafstekjur 2. Sem hreyfimynstur fyrir tekjur er þetta aðeins öfgakennt dæmi. Jafnvægisdreifingin er inverse-gamma með stikana, $1 + 2\kappa/\sigma^2$ og $2\kappa\beta/\sigma^2$. Jafnvægisdreifingin hefur Gini stuðul 0.45. Meðaltal jafnvægidreifingarinnar er $\beta = 5$. Hugmyndin með því að gefa þetta öfgakenndadæmi er að sýna að það er eðlilegt að margir einstaklingar séu langt frá meðallaunum alla sína ævi. Einingarnar í þessum dæmum voru valdar þannig að það mætti hugsa sér að 5 þýði 5 milljónir á ári.

Niðurlag

Hér hafa verið rakin nokkur einvíð sýnidæmi um Markov líkön. Þau sýna að mjög einföld líkön af slembiferlum geta skapað mjög fjölbreytta ferla. Hermun slíkra ferla er heppilegt tól til að gera hugmyndir manna um möguleg gildi áþreifanlegar. Dæmin hér á undan eru einvíð. Þ.e. að hugsanleg sambönd t.d. skulda og tekna. Margvíð Markov líkön eru í eðli sínu flóknar því að nauðsynlegt er að setja fram tengsl milli einstakra hnita kerfisins. Þó að margvítt fræðilegt ferli sé Markov ferli, þá er ekki víst að mælingar einstakra hnita séu Markov ferli. Þetta atriði og fleiri gera umgengni við margvíð ferli vandasöm. Útfærslur á margvíðum kerfum kalla því á viðameiri uppsetningu en rúmast í þessari grein. Einnig blasir við að tíminn er tvívíð stærð. Aldur einstaklingsins og almanaksárið geta skipt máli. Það að taka tillit til þess eykur flækjustigið.

Heimildir

Box, G. (1979). Robustness in the strategy of scientific model building. Í R. L. Launer og G. N. Wilkinson (ritstjórar), *Robustness in Statistics* (bls. 202). New York: Academic Press.

Champernowne, D. (1953). A model of income distribution. *Economic Journal*, *63*, 318–351.

Gelman, A., Carlin, J. B., Stern, H. S. og Rubin, D. B. (2004). *Bayesian Data Analysis,* Champan & Hall/CRC , Boca Raton.

Whittle, P. (1992). *Probability via expectation* (3 útgáfa). New York: Springer-Verlag.

Wold, H. og Whittle, P. (1957). A model explaining the Pareto distribution of wealth. *Econometrica*, *25*(4), 591–595.

Vinnumarkaður Vesturlands
Menntun og arðsemi

Vífill Karlsson
Finnbjörn Börkur Ólafsson

Er menntun metin að verðleikum á Vesturlandi? Margt bendir til þess að menntunarstig vinnuafls sé miklu lægra úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Venjulega hefur það verið útskýrt með takmarkaðri tækifærum menntamanna þar. Felur það í sér að úrval starfa sé takmarkaðra, launin séu lægri eða jafnvel að launamunur sé lítill á milli faglærðra og ófaglærðra utan höfuðborgarsvæðisins?

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2004) komst að þeirri niðurstöðu að framhalds- og háskólamenntun skilaði bæði einkaarðsemi og samfélagslegri arðsemi, en þó var grunnskólakennaramenntun ekki arðbær þegar greiningin var brotin upp. Þær fáu erlendu rannsóknir sem litið var til staðfesta svipaða tilhneigingu víða erlendis (Brunello og Comi, 2004; Quinn og Rubb, 2006).



Mynd 1. Skólasókn árganga 16–29 ára haustið 2008. Tölur Hagstofu Íslands

En hvers vegna eru 35% vinnumarkaðarins án formlegrar framhaldsskólamenntunar ef arðsemi hennar er svona mikil? Þetta hlutfall hefur vissulega farið lækkandi hérlendis, var 42% árið 1991. Langflestir (93%) hefja nám í framhaldsskóla að loknum grunnskóla á 16. ári en það kvarnast tiltölulega hratt úr hópnum (mynd 1). Hinsvegar eru eingöngu 50% 20 ára karla og kvenna í skóla sem er vísbending um hversu margir hefja háskólanám. Brottfall úr framhaldsskólum landsins skólaárið 2001-2002 var 20% samkvæmt þeim tölum sem til eru hjá Hagstofu Íslands.

Er þessa háa hlutfalls ófaglærðra á vinnumarkaði að leita í lágri arðsemi menntunar utan höfuðborgarsvæðisins? Þriðjungur þjóðarinnar býr þar, þrátt fyrir allt. Sjómenn og sumt landverkafólk hafa haft hærri laun en ýmsar stéttir faglærðra. Arðsemi menntunar fyrir landið allt kann að missa út blæbrigði sem þessi. Í þessari rannsókn verður horft til Vesturlands sem dæmi um samfélag utan höfuðborgarsvæðisins, en þar er flest það sem hún hefur að geyma: sjávarbyggðir, landbúnaðarhéruð og lítil samfélög með nokkuð blandað atvinnulíf.

Skýrsla þessi er unnin á grundvelli spurningakannanna Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi árin 2010 og 2007. Anna Steinsen, Guðný Anna Vilhelmsdóttir og Guðrún Ólafsdóttir komu að vinnslu kannananna ásamt höfundum.

Fræðilegur bakgrunnur

Vinnumarkaður innanlands er ólíkur alþjóðlegum vinnumarkaði. Hreyfanleiki er gleggsta dæmið. Hann er meiri á vinnumarkaði milli svæða innanlands en milli landa vegna hindrana á borð við tungumál, menningarmun og upplýsingar um færni umsækjenda. Af þessum sökum ætti launamunur vera minni á milli svæða en landa. Gefum okkur hagkerfi tveggja svæða og beitum ójafnvægislíkaninu svokallaða. Ef framleiðni starfsgreinar eykst á einu svæði, eykst eftirspurn eftir vinnuafli (mynd 2, til vinstri). Við þetta verða laun hærri á svæðinu en sitja eftir á hinu. Þá flytur fólk til hálaunasvæðisins og laun lækka þar því framboð vinnuafls eykst vegna vaxandi samkeppni um störfin. Hinsvegar hækka launin á láglaunasvæðinu því framboð vinnuafls dregst saman. Fólksflutningarnir halda áfram á meðan launamunur er á milli svæðanna (McCann, 2001).



Mynd 2. Ójafnvægislíkanið

Út frá þessu hefur jafnvægislíkanið þróast. Samkvæmt því getur svæðisbundinn launamunur orðið viðvarandi. Þetta hefur verið útskýrt m.a. með tilvist staðbundins skynvirðis (*amenity value*). Það eru ýmis staðbundin gæði eða þægindi sem fást undir markaðsvirði (Kong, Yin og Nakagoshi, 2007) eins og gott veðurfar, falleg náttúra og friðsæld. Þá getur opinber þjónusta verið dæmi um það líka. Við þetta myndast langtíma jafnvægi þar sem launin verða lægri á því svæði sem hefur hærra skynvirði (*A* í mynd 3) (Greenwood, Hunt, Rickman og Treyz, 1991; McCann, 2001; Roback, 1982). Fyrirtæki sem staðsetja sig í borgum, greiða því „þéttbýlisálag" á laun vegna þess að skynvirði er oft lægra þar (Cohen og Paul, 2005).



Mynd 3. Jafnvægislíkanið með skynvirði (A)

A er árlegt jafnvirt núvirði skynvirðis. Þess vegna stöðvast búferlaflutningar þegar launamunurinn nær *A* og búseta á báðum svæðum því jafn mikils virði þegar tekið hefur verið tillit til launa og skynvirðis. Rannsóknir í Bandaríkjunum hafa sýnt fram á 19% (Yankow, 2006) og 25% (Glaeser og Mare, 2001) launamun milli þéttbýlis og strjálbýlis.

Stærðarhagkvæmni getur aukið framleiðni og þar með laun. Staðbundin stærðarhagkvæmni er venjulega kölluð samsöfnunarhagræði (*agglomeration economies*) og tengist ekki einstaka fyrirtækjum með beinum hætti, heldur hefur áhrif á öll fyrirtæki innan ákveðins svæðis (McCann, 2001). Segja má að samsöfnunarhagræði sé ávinningur af staðsetningu og byggir á lækkun flutningakostnaðar í breiðum skilningi (Glaeser, 2010). Þéttbýlið eykur framleiðni fyrirtækja vegna lægri flutningskostnaðar og talin ein helsta skýring þéttbýlismyndunar (Glaeser og Mare, 2001). Þetta sjáum við m.a. á bæði ójafnvægis- og jafnvægilíkaninu, þar sem samsöfnunarhagræði flytur eftirspurnarferilinn stöðugt út til hægri (mynd 2 til vinstri).

Samsöfnunarhagræði er skipt í tvo flokka:

> *Staðbundið samsöfnunarhagræði* þegar meðalkostnaður fyrirtækja lækkar vegna nábýlis við fyrirtæki í sömu atvinnugrein og *þéttbýlis samsöfnunarhagræði* þegar meðalkostnaður fyrirtækja lækkar vegna nábýlis við fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum og er rakið til þriggja megin þátta; upplýsingaleka, staðbundinna aðfanga og aðgengi að sérhæfðu vinnuafli (McCann, 2001).

Gould (2007) telur að ef búseta í þéttbýli geri einstakling að einhverju leyti samkeppnishæfari, t.d. í gegnum þekkingarleka, ættu starfsmenn borga að geta flutt hæfni og þekkingu til strjálbýlis, a.m.k að hluta. Rannsókn (Cingano, 2003) var gerð á hvort hæfileikar starfsmanna aðrir en þeir sem teljast mjög almennir eða hæfileikar sem teljast mjög sérhæfðir væru metnir í launum. Hún sýndi að sérhæfð þekking var mikils metin, almenn starfsreynsla ekki en starfslengd innan sama fyrirtækis virtist skýra launahækkanir að mestu.

Launamunur milli þéttbýlis og strjálbýlis virðist vera minni hjá verkamönnum en hjá sérmenntuðum. Í strjálbýli er starfsreynsla sérmenntaðra meira metin ef hún er úr borgum en strjálbýli en enginn munur er á þessu gagnvart verkamönnum. Því má ætla að borgir veiti fólki verðmæta starfsreynslu sem eykur framleiðni þeirra og að það geti verið skynsamlegt fyrir sérmenntaða að flytja til borgarinnar þó það væri ekki nema til að fjárfesta í henni (Gould, 2007).

Fyrirtæki sem vilja starfa í þéttbýli og greiða hærri laun hljóta að gera það annaðhvort vegna lægri framleiðslukostnaðar, t.d. vegna lægri flutningskostnaðar eða hærri tekna t.a.m. vegna meiri þekkingarleka milli fyrirtækja eða hærra vöruverðs. Einstaklingar velja sér búsetu þar sem afkoman er best – þ.e. há laun að teknu tilliti til framfærslukostnaðar og skynvirðis (Glaeser og Mare, 2001).

Samkvæmt Carter (1998) hækka tekjur einstaklinga við flutning úr dreifbýli í þéttbýli jafnvel þótt atvinnuleysi sé til staðar í þéttbýlinu. Afleiðing þessa í mörgum löndum er að munurinn milli svæðisbundins atvinnuleysisstigs hefur tilhneigingu til að minnka þegar hagkerfi landsins alls stækkar og aukast þegar hagkerfið dregst saman (McCann, 2001). Carter sagði líka launahækkanir í þéttbýli smiti yfir í strjálbýli. Skýringa á af hverju laun eru hærri í þéttbýli er að finna í kenningum um framfærslukostnað (Gould, 2007) og skynvirði: Í þéttbýli eru almennt verðlag og húsnæðiskostnaður hærri en skynvirði lægra og munur þá á velferð íbúa þéttbýlis og dreifbýlis nánast enginn.

Fræðimenn hafa skipt fyrirtækjum og staðbundnum vinnumörkuðum upp á milli þjónustu og útflutnings: þeirra sem hafa tekjur sínar af heimamönnum og íbúum utan svæðisins (Glendon og Vigdor, 2003; McCann, 2001). Staðbundin launalækkun minnkar launakostnað fyrirtækja en dregur líka úr staðbundinni neyslu og slær því á eftirspurn þjónustufyrirtækja og lækkar þar með tekjur þeirra en ekki útflutningsfyrirtækja. Áhrif launabreytinga eru því augljóslega mismunandi á útflutnings- og þjónustufyrirtæki og svæðisbundin áhrif ráðast því af vægi þeirra á svæðinu (McCann, 2001).

Gögn og aðferð

Rannsóknin byggir á spurningakönnun sem framkvæmd var meðal íbúa á Vesturlandi. Vesturlandi var skipt upp í fjögur svæði: Akranes og Hvalfjarðarsveit mynduðu eitt svæði, Borgarbyggð og Skorradalshreppur annað, kallað Borgarfjörður. Sveitarfélagið Dalabyggð myndaði Dali en önnur Snæfellsnes (tafla 1).

Tilviljunarkennt úrtak var tekið úr þjóðskrá. Úrtakið var á meðal allra íbúa sem náð höfðu 18 ára aldri. Reynt var að hafa úrtakið nægjanlega stórt til þess að svörunin endurspeglaði viðhorf íbúanna á viðkomandi svæðum með nokkuð áreiðanlegum hætti (tafla 1).

Tafla 1. Yfirlit úrtaks og þýðis 2007

Svæði	Sveitarfélög	Mannfjöldi 1. des 2007	18 ára +	Úrtak	Svör	Svarhlutfall
Akranes og Hvalfjörður	Akranes og Hvalfjarðarsveit	7.028	5.085	420	142	33,8%
Borgarfjörður	Borgarbyggð og Skorradalshreppur	3.802	2.748	400	143	35,8%
Snæfellsnes	Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær	3.912	2.891	400	131	32,8%
Dalir	Dalabyggð	710	538	275	90	32,7%
Óskilgreint					37	
Vesturland		15.452	11.262	1495	543	36,3%

Endanlegt svarhlutfall var í kringum 36% (tafla 1). Vægi svara var í nokkru samræmi við vægi úrtaks, nema helst í Borgarfirði þar sem það var heldur hærra og á Snæfellsnesi heldur lægra. Skipting svarenda eftir kyni, uppruna og aldri hefði geta endurspeglað betur hina raunverulegu dreifingu á viðkomandi svæðum á Vesturlandi. Það verður að hafa í huga við túlkun svara. Þrátt fyrir þennan galla má segja að svörin endurspegli viðhorf á viðkomandi svæðum með viðunandi hætti. Niðurstöður fyrir árið 2010 voru mjög svipaðar (tafla 2).

Tafla 2. Yfirlit úrtaks og þýðis 2010

Svæði	Sveitarfélög	Mannfjöldi 1. des 2010	18 ára +	Úrtak	Svör	Svarhlutfall
Akranes og Hvalfjörður	Akranes og Hvalfjarðarsveit	7.212	5.212	420	162	38,6%
Borgarfjörður	Borgarbyggð og Skorradalshreppur	3.575	2.646	400	167	41,8%
Snæfellsnes	Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær	3.919	2.94	400	137	34,3%
Dalir	Dalabyggð	698	524	275	77	32,6%
Óskilgreint					13	
Vesturland		15.404	11.322	1435	556	37,6%

Upp úr þessari könnun voru unnin gögn sem hentuðu til línulegrar aðhvarfsgreiningar. Skýristærðin var heildarlaun en svarendur gáfu ekki allir upp laun eins og við var að búast. Þátttakendur svöruðu eftirfarandi spurningu: Hverjar eru heildartekjur heimilisins fyrir skatta á mánuði? Innan sviga var síðan sett; „Allar launatekjur, lífeyrir, námslán og atvinnuleysisbætur en ekki barnabætur eða aðrar félagslegar bætur“. 431 af 543 (460 af 556 2010) svöruðu spurningunni. Samkvæmt svörunum voru tekjur 257 þ.kr. (330 árið 2010) að jafnaði á mánuði og staðalfrávikið 155 (266 árið 2010) sem gefur til kynna að launin séu verulega breytileg frá einum svarenda til annars (tafla 2).

Tafla 3. Lýsing á gögnum

Breyta	Lýsing	Meðaltal 2007	Staðalfrávik 2007	Meðaltal 2010	Staðalfrávik 2010
Tekjur	Heildartekjur fyrir skatta á mánuði í þúsundum króna	256,91	155,48	330,21	265,64
Stutt framhaldsnám	Próf af styttri námsbrautum framhaldsskóla, leppbreyta	0,19	0,39	0,21	0,40
Iðngrein	Próf í iðngrein, leppbreyta	0,16	0,36	0,16	0,36
Stúdentspróf	Leppbreyta	0,07	0,25	0,10	0,30
Háskólapróf	Háskólanám (fyrsta háskólagráða), leppbreyta	0,18	0,39	0,19	0,40
Háskólapróf - master	Framhaldsnám á háskólastigi (meistaragráða, doktorsgráða eða sambærilegt), leppbreyta	0,03	0,18	0,08	0,27
Skipstjórapróf	Leppbreyta	0,02	0,15		
Búseta sveitarfélagi	Hve mörg ár búið í sveitarfélagi	31,23	21,49	29,62	19,65
Fæðingarland	Þrír möguleikar: Ísland (1), Evrópa (2), og utan Evrópu (3).	1,03	0,18	0,03	0,16
Fjöldi barna	0-5	0,93	1,15	1,14	1,26
Hjúskaparstaða	Leppbreyta, 1 fyrir einhleypa	1,20	0,40	0,79	0,41
Svæði	Vesturlandi skipt upp í 4 svæði, 1 fyrir svæði næst höfuðborgarsvæðinu	2,34	1,06	2,24	1,03
Kyn	Leppbreyta, 1 fyrir konur	1,51	0,50	0,54	0,50
Atvinnurekandi	Leppbreyta	0,15	0,35	0,13	0,34
Nemi	Leppbreyta	0,06	0,25	0,08	0,27
Atvinnulaus	Leppbreyta	0,01	0,09	0,03	0,16
Öryrki	Leppbreyta	0,03	0,16	0,04	0,20
Ellilífeyrisþegi	Leppbreyta	0,15	0,36	0,08	0,27
Annað á vinnumarkaði	Leppbreyta	0,03	0,16	0,04	0,20
Símenntun	Fjórir möguleikar: Aldrei (0), 1-3 daga (1), 4-7 daga (2), meira en 7 daga (3)	1,29	1,33	1,19	1,28
Aldur	Sex möguleikar: 18-24 ára (1), 25-34 (2), 35-44 (3), 45-54 (4), 55-64 (5) og 65 ára og eldri (6)	3,82	1,54	46,97	14,77

Flestar skýribreytur voru leppbreytur. Þær breytur sem ekki voru leppbreytur voru búseta í sveitarfélagi, fjöldi barna, svæði, símenntun og aldur (tafla 3). Búseta í sveitarfélagi er talin í fjölda ára. Þarna er verið að reyna að meta hugsanleg áhrif kunningjasamfélagsins. Ef þessi breyta verður marktæk og með jákvæðu formerki er það vísbending um að þeir sem hafa búið lengi í sveitarfélaginu og þekkja betur íbúana eigi meiri möguleika á að fá hærri laun vegna kunningsskapar eingöngu. Þessi breyta gæti líka verið að endurspegla starfsreynslu og eins að upplýsingar um færni og getu viðkomandi séu betri.

Breytuna fyrir fjölda barna þarf ekki að útskýra í smáatriðum. Breytan yfir svæði tók mið af fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu; svæðið sem stóð næst fékk gildið 1 og svo hækkaði það í 2, 3 og 4 eftir því sem fjær dró.

Í könnunni var spurt hvort viðmælandi hefði sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun, t.d. í formi námskeiða, fyrirlestra, formlegs náms o.s.frv. á sl. tveimur árum. Breytan yfir símenntun fékk gildið 0 ef svarið var neitandi, 1 ef svarið var játandi og 1-3 daga, 2 ef það voru 4-7 dagar og 4 ef það voru meira en 7 dagar.

Breytan fyrir aldur hljóp á sex tölugildum; 1 fyrir þá sem voru 18-24 ára , 2 fyrir 25-34 ára, 3 fyrir 35-44 ára, 4 fyrir 45-54 ára, 5 fyrir 55-64 ára og 6 fyrir 65 ára og eldri.

Líkan og niðurstöður

Framkvæmd var hefðbundin línuleg aðhvarfsgreining á gögnunum. Líkanið sem ég prófaði var með eftirfarandi hætti:

$$\ln T = \alpha + x_i'\beta$$

Þar sem logaritminn af tekjum, $ln\,T\,ln\,T$, var skýrður með fjölda mismunandi skýribreyta, $x_i' x_i'$ eins og sjá má í töflu 2 hér að ofan. Engin marglínuleiki var til staðar. Misdreifni var hinsvegar vandamál og þá var keyrslan endurtekin með veginni aðferð minnstu kvaðrata (*weighted least square*). Innri fylgni (*endogeneity*) var ekki verið prófuð vegna upplýsingaskorts. Niðurstaðan er með eftirfarandi hætti:

Tafla 4. Niðurstöður greiningarinnar fyrir árið 2007

Breyta	Stuðull	Staðal-frávik	t-gildi	p-gildi	95% neðri vikmörk	95% efri vikmörk
Stutt framhaldsnám	0,021	0,063	0,34	0,735	-0,102	0,145
Iðngrein	0,147	0,073	2,03	0,043	0,004	0,290
Stúdentspróf	0,170	0,096	1,78	0,077	-0,018	0,358
Háskólapróf	0,359	0,069	5,25	0,000	0,225	0,494
Háskólapróf - master	0,529	0,144	3,67	0,000	0,245	0,812
Skipstjórapróf	0,352	0,152	2,32	0,021	0,054	0,651
Búseta sveitarfélagi	-0,002	0,001	-1,36	0,174	-0,005	0,001
Fæðingarland	-0,334	0,115	-2,89	0,004	-0,561	-0,107
Fjöldi barna	0,006	0,022	0,25	0,801	-0,038	0,049
Hjúskaparstaða	0,027	0,062	0,43	0,668	-0,095	0,148
Svæði	-0,053	0,022	-2,46	0,015	-0,096	-0,011
Kyn	-0,454	0,048	-9,54	0,000	-0,548	-0,361
Atvinnurekandi	-0,047	0,069	-0,68	0,495	-0,184	0,089
Nemi	-0,899	0,109	-8,26	0,000	-1113	-0,685
Atvinnulaus	1102	0,201	-5,50	0,000	-1497	-0,708
Öryrki	-0,601	0,128	-4,68	0,000	-0,854	-0,349
Ellilífeyrisþegi	-0,663	0,086	-7,71	0,000	-0,832	-0,494
Annað á vinnumarkaði	-0,461	0,163	-2,82	0,005	-0,783	-0,140
Símenntun	0,033	0,018	1,84	0,066	-0,002	0,067
Aldur	0,032	0,024	1,35	0,178	-0,015	0,080
Fasti	6,451	0,183	35,33	0,000	6,092	6,810

Leiðrétt $R^2 R^2$ var 0,50, sem er mjög ásættanleg fylgni. Þegar horft var til menntunar kom í ljós að fólk hefur fengið umbun fyrir hana á vinnumarkaði Vesturlands. Þetta átti við um iðnmenntun grunngráðu frá háskóla, meistaragráðu frá háskóla og skipstjórnarpróf. Þeir sem höfðu iðnmenntun voru með 15% hærri laun en ófaglærðir, grunngráðu frá háskóla 37% og meistaragráðu 53%. Þá höfðu einstaklingar með skipstjórnarréttindi 35% hærri laun en ófaglærðir. Þá má segja að þeir sem höfðu stúdentspróf sýndu veik merki um umbun sem nemur 17% hærri launum en ófaglærðir höfðu. Stutt framhaldsnám virtist ekki skila sér í launaumslagið með marktækum hætti.

En hvað getum við sagt um arðsemi menntunar út frá þessu? Er þessi launamunur nægur til að borga tilkostnað við menntunina? Ráðist var í útreikninga á arðsemi iðnnema, stúdenta og háskólanema með grunngráðu. Ekki var gerð tilraun til að meta arðsemi meistaragráðu á háskólastigi vegna þess hve fáir svarendur voru með það próf. Vinnutap er hæsti einstaki kostnaðarliður nemanda (og samfélagsins) við nám. Vinnutap iðnnema og stúdenta felst því í launum ófaglærðra. Þau laun voru að jafnaði 210 þ.kr. á mánuði samkvæmt könnuninni. Vinnutap háskólanemenda eru laun stúdenta – þ.e. næsta námsstig á undan. Þau voru 17% hærri en laun ófaglærðra eins og áður sagði. Að auki var gert ráð fyrir 4% afvöxtunarstuðli, námskostnaði í framhaldsskólum upp á 50 þ.kr. á ári en 100 þ.kr. hjá háskólanema og að iðnnemar væru 3 ár á skólabekk að jafnaði og hefðu 90% af launum verkamanns í eitt ár á meðan þeir lykju nauðsynlegri starfsreynslu Ekki var gert ráð fyrir að nemandinn tæki sér frí á milli námsstiga. Á grundvelli þessa var arðsemi iðnnáms neikvæð um 15%, stúdentsprófs neikvæð um 20% og háskólanáms jákvæð um 4%[1].

Tafla 5. Niðurstöður greiningarinnar fyrir árið 2010

Breyta	Stuðull	Staðal-frávik	t-gildi	p-gildi	95% neðri vikmörk	95% efri vikmörk
Stutt framhaldsnám	0,110	0,08	1,43	0,16	-0,04	0,26
Iðngrein	0,093	0,09	1,07	0,28	-0,08	0,26
Stúdentspróf	0,153	0,09	1,62	0,11	-0,03	0,34
Háskólapróf	0,514	0,08	6,48	0,00	0,36	0,67
Háskólapróf - master	0,564	0,11	5,28	0,00	0,35	0,77
Skipstjórapróf	0,726	0,17	4,16	0,00	0,38	1,07
Búseta sveitarfélagi	0,000	0,00	-0,26	0,79	0,00	0,00
Fæðingarland	-0,240	0,17	-1,42	0,16	-0,57	0,09
Fjöldi barna	0,043	0,02	1,95	0,05	0,00	0,09
Hjúskaparstaða	-0,052	0,07	-0,77	0,44	-0,19	0,08
Svæði	-0,021	0,03	-0,82	0,41	-0,07	0,03
Kyn	-0,396	0,05	-7,36	0,00	-0,5	-0,29
Atvinnurekandi	-0,104	0,08	-1,38	0,17	-0,25	0,04
Nemi	-0,967	0,11	-8,84	0,00	-1,18	-0,75
Atvinnulaus	-0,417	0,15	-2,76	0,01	-0,71	-0,12
Öryrki	-0,269	0,13	-2,13	0,03	-0,52	-0,02
Ellilífeyrisþegi	-0,350	0,11	-3,32	0,00	-0,56	-0,14
Annað á vinnumarkaði	0,119	0,15	0,81	0,42	-0,17	0,41
Símenntun	0,028	0,02	1,39	0,17	-0,01	0,07
Aldur	0,000	0,00	-0,11	0,91	0,00	0,00
Fasti	12,679	0,11	113,43	0,00	12,46	12,9

Árið 2010 var könnunin endurtekin og spurningum fjölgað til þess að ná fram raunhæfara líkani. Fyrst var líkan keyrt, sambærilegt því sem keyrt var árið 2007. Fylgnin var ásættanleg (leiðrétt R^2R^2 0,40). Fjöldi athugana var 400. Nú virtist arðsemi háskólaprófs hafa aukist en iðnmenntunar lækkað og jafnvel stúdentsprófs lítið eitt.

Þá var líkanið keyrt með öllum viðeigandi breytum sem völ var á fyrir könnunina 2010 (tafla 6). Þær sem bættust við voru þættir yfir atvinnugreinar, starfsgreinar og fjarlægð til og frá vinnu.

[1] Samkvæmt innri vaxtaaðferðinni ber iðnnám 3,2% afvöxtunarstuðul (eða arðsemiskröfu), stúdentspróf 3,0% og háskólanám 4,2%.

Tafla 6. Niðurstöður ýtarlegri greiningar fyrir árið 2010

Breyta	Stuðull	Staðal-frávik	t-gildi	p-gildi	95% neðri vikmörk	95% efri vikmörk
Stutt framhaldsnám	0,021	0,06	0,32	0,75	-0,10	0,15
Iðngrein	-0,112	0,08	-1,37	0,17	-0,27	0,05
Stúdentspróf	0,045	0,08	0,56	0,58	-0,11	0,20
Háskólapróf	0,342	0,08	4,28	0,00	0,18	0,50
Háskólapróf - master	0,376	0,10	3,82	0,00	0,18	0,57
Skipstjórapróf	0,175	0,15	1,20	0,23	-0,11	0,46
Búseta sveitarfélagi	-0,001	0,00	-1,06	0,29	0,00	0,00
Fæðingarland	-0,258	0,15	-1,67	0,10	-0,56	0,05
Fjöldi barna	0,023	0,02	1,23	0,22	-0,01	0,06
Hjúskaparstaða	-0,098	0,06	-1,70	0,09	-0,21	0,02
Svæði	-0,030	0,02	-1,37	0,17	-0,07	0,01
Kyn	-0,377	0,05	-7,06	0,00	-0,48	-0,27
Atvinnurekandi	-0,070	0,07	-1,00	0,32	-0,21	0,07
Nemi	-0,298	0,12	-2,47	0,01	-0,54	-0,06
Atvinnulaus	-0,406	0,17	-2,44	0,02	-0,73	-0,08
Öryrki	-0,165	0,14	-1,20	0,23	-0,43	0,11
Ellilífeyrisþegi	-0,149	0,13	-1,11	0,27	-0,41	0,12
Annað á vinnumarkaði	0,356	0,19	1,89	0,06	-0,02	0,73
Símenntun	0,020	0,02	1,18	0,24	-0,01	0,05
Aldur	0,000	0,00	-0,47	0,64	0,00	0,00
Fjarlægð til vinnu	0,001	0,00	1,84	0,07	0,00	0,00
Landbúnaður	-0,218	0,08	-2,61	0,01	-0,38	-0,05
Fiskveiðar	0,448	0,09	5,01	0,00	0,27	0,62
Fiskvinnsla	0,251	0,12	2,02	0,05	0,01	0,50
Annar iðnaður	0,140	0,08	1,77	0,08	-0,02	0,30
Veitur	0,361	0,22	1,67	0,10	-0,06	0,79
Mannvirkjagerð	0,135	0,12	1,11	0,27	-0,11	0,38
Verslun	0,050	0,09	0,57	0,57	-0,12	0,22
Hótel	-0,154	0,17	-0,91	0,37	-0,49	0,18
Flutningar	-0,022	0,13	-0,17	0,87	-0,27	0,23
Fjármál	0,236	0,12	1,90	0,06	-0,01	0,48
Viðskipti	0,359	0,36	1,00	0,32	-0,35	1,07
Opinber stjórnsýsla	0,148	0,10	1,52	0,13	-0,04	0,34
Fræðsla	-0,131	0,07	-1,77	0,08	-0,28	0,01
Heilbrigðisþjónusta	0,114	0,07	1,65	0,10	-0,02	0,25
Önnur þjónusta	-0,051	0,09	-0,56	0,58	-0,23	0,13
Stjórnandi	0,165	0,07	2,40	0,02	0,03	0,30
Sérfræðingur	0,094	0,07	1,26	0,21	-0,05	0,24
Tæknir	0,054	0,14	0,37	0,71	-0,23	0,34
Skrifstofumaður	-0,039	0,08	-0,46	0,64	-0,21	0,13
Afgreiðslumaður	-0,035	0,08	-0,45	0,65	-0,19	0,12
Iðnaðarmaður	-0,023	0,10	-0,23	0,82	-0,22	0,17
Verkamaður	-0,112	0,07	-1,52	0,13	-0,26	0,03
Starfsreynsla	0,001	0,00	0,62	0,54	0,00	0,01
Lágmarkslaun	-0,846	0,09	-9,22	0,00	-1,03	-0,67
Fasti	12837	0,12	107,11	0,00	12,60	13,07

Við þetta breyttist leiðrétt R^2R^2 í 0,62, sem er enn ásættanlegri fylgni. Fjöldi athugana var 305. Engin samfylgni var til staðar. Misdreifni ekki heldur eins og Breuch-Pagan/ Cook Weisberg próf staðfesti með gildi upp á 1,78. Þegar horft var til menntunar mátti greina að marktækur munur væri eingöngu á milli ófaglærðra og háskólamanna. Þeir sem höfðu þriggja ára háskólapróf voru með 34% hærri laun en ófaglærðir. Þeir sem höfðu fimm ára háskólapróf (meistarapróf o.þ.h.) voru með tæplega 38% hærri laun en ófaglærðir. Þetta skilaði fyrri hópnum 8,2% arðsemi en arðsemin var neikvæð um 2,6% hjá seinni hópnum.

Sambærileg arðsemi kom fram í skýrslu Hagfræðistofnunar (2004) fyrir einstaklinga með þriggja ára háskólapróf en lægri fyrir aðra menntun: Einkaarðsemi háskólamenntunar rúmlega 8% (karlar 5,5% og konur 10,8%) framhaldsskólamenntunar tæplega 6% (karlar 7,2% og konur 4,2%). Niðurstöðurnar voru því á vissan hátt vonbrigði og áhyggjuefni fyrir menntun Vestlendinga; lág arðsemi fælir frá.

Fleira athyglisvert kom fram í íbúakönnuninni og í samræmi við væntingar og niðurstöður annarra rannsókna. Þar sem tekinn var logaritminn af háðu breytunni, heildartekjum, var auðvelt að túlka niðurstöður. Þeir sem störfuðu í landbúnaði voru með 22% lægri atvinnutekjur að jafnaði en sambærilegir starfsmenn í öðrum atvinnugreinum. Hins vegar voru sjómenn með 45% hærri tekjur og þeir sem unnu í fiskvinnslu 25% hærri en sambærilegur starfskraftur í öðrum greinum. Þá voru stjórnendur með 16% hærri tekjur en fólk í öðrum störfum og nemendur og atvinnulausir með marktækt lægri „laun“ en ófaglærðir.

Enn fremur kom fram veikari marktækni (10% marktektarkrafa í stað 5%) fáeinna annarra áhrifaþátta: Þeir sem voru í öðrum iðnaði voru með 14% hærri tekjur, veitustarfsmenn 36%, starfsmenn fjármálafyrirtækja 24%, heilbrigðisstarfsmenn 11% en kennarar (kennsla/fræðsla) með 13% lægri tekjur en sambærilegur starfskraftur í öðrum atvinnugreinum. Einnig kom fram að einhleypir voru með 10% lægri laun en fólk í sambúð. Fólk sem fætt var utan Íslands var með 26% lægri laun.

Athyglisvert var að sjá að þeir sem sóttu vinnu um langan veg virtust við það ná að hækka tekjur sínar að einhverju leyti. Það sást á því að áhrifaþátturinn fjarlægð frá vinnu skilar veikri marktækni upp á 0,001: Tekjur hækka því um 0,1% fyrir hvern kílómetra sem vinnustaðurinn fjarlægist heimili viðkomandi.

Þá mældust konur með 38% lægri laun en karlar. Bent skal á að galli er á rannsókninni þar sem ekki var leiðrétt fyrir vinnuframlag, en ætla má að vinnuframlag kynjanna sé mismunandi. Þessi munur hefði því átt að vera eitthvað lægri. Það er því verkefni framhaldsrannsóknar að bæta starfshlutfalli þátttakenda við.

Aðrir þættir stóðust ekki kröfur um marktækni um áhrif á þróun launa. Þó voru formerki flestra stuðlanna í samræmi við væntingar: Þeir sem tóku námskeið hjá sí- eða endurmenntun voru með hærri laun en þeir sem gera það ekki, þeir sem áttu fleiri börn hærri tekjur en þeir sem áttu færri og laun lægri eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæðinu, svo eitthvað sé nefnt.

Heimildir

Brunello, G. og Comi, S. (2004). Education and earnings growth: Evidence from 11 European countries. *Economics of Education Review, 23*(1), 75-83.

Carter, T. J. (1998). Urban productivity, urban unemployment, and labor market policies. *Regional Science and Urban Economics, 28*(3), 329-344.

Cingano, F. (2003). Returns to specific skills in industrial districts. *Labour Economics, 10*(2), 149-164.

Cohen, J. P. og Paul, C. J. M. (2005). Agglomeration economies and industry location decisions: The impacts of spatial and industrial spillovers. *Regional Science and Urban Economics, 35*(3), 215-237.

Glaeser, E. L. (2010). *Agglomeration economics*. Chicago: University of Chicago Press.

Glaeser, E. L. og Mare, D. C. (2001). Cities and skills. *Journal of Labor Economics, 19*(2), 316-342.

Glendon, S. P. og Vigdor, J. L. (2003). Thy neighbor's jobs: Geography and labor market dynamics. *Regional Science and Urban Economics, 33*(6), 663-693.

Gould, E. D. (2007). Cities, workers, and wages: A structural analysis of the urban wage premium. *Review of Economic Studies, 74*(2), 477-506.

Greenwood, M. J., Hunt, G. L., Rickman, D. S. og Treyz, G. I. (1991). Migration, regional equilibrium, and the estimation of compensating differentials. *American Economic Review, 81*(5), 1382-1390.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (2004). *Arðsemi menntunar á Íslandi*. Reykjavík: Jón Bjarki Bentsson og Þórhallur Ásbjörnsson.

Kong, F., Yin, H. og Nakagoshi, N. (2007). Using GIS and landscape metrics in the hedonic price modeling of the amenity value of urban green space: A case study in Jinan City, China. *Landscape and Urban Planning, 79*(3-4), 240-252.

McCann, P. (2001). *Urban and regional economics*. Oxford: Oxford University Press.

Quinn, M. A., og Rubb, S. (2006). Mexico's labor market: The importance of education-occupation matching on wages and productivity in developing countries. *Economics of Education Review, 25*(2), 147-156.

Roback, J. (1982). Wages, rents, and the quality of life. *The Journal of Political Economy, 90*(6), 1257-1278.

Yankow, J. J. (2006). Why do cities pay more? An empirical examination of some competing theories of the urban wage premium. *Journal of Urban Economics, 60*(2), 139-161.

Growth of intangible assets by industry in Iceland 2003-2009

Þórólfur Matthíasson[1]

Most firms need to spend some money on research and development (R&D) in order to survive in a competitive and dynamic environment. If well spent R&D expenditure will eventually result in increased market value of the firm. If the firm is publicly traded its market value will exceed its book value. If the firm is not traded on the stock market the value of intangible assets will only become visible as the firm is merged with other firms or if it goes from one set of owners to others. Then the difference between the price of the firm and the book value of its assets is registred as good-will or some other form of intangible assets. Valuation of intangible assets is by nature more subjective than valuation of tangible assets. Intagible assets are more common in some industries than others. Hence it is interesting to see the development of R&D expenditure and of size of intangible assets by industry through out the boom and bust cycle of the Icelandic economy.

In-tangible assets by industry

Table 1 gives non-tangible assets as percentage of total assets in selected Icelandic industries for the period 2003 to 2007. Table 2.2 gives the same for the years 2008 and 2009. Note that the industry classification has been changed in the interim.

[1] Jón Skafti Gestsson contributed with able help in preparing the text and collecting data.

Table 1. Intangible assets by industry, 2003 to 2007 (Icelandic Tax Authority)

Industry (selected)	2003	2004	2005	2006	2007
Agriculture and forestry	4,6%	4,0%	3,7%	3,5%	3,5%
Fishing	22,0%	25,3%	29,0%	35,3%	34,9%
Food, beverages and tobacco	16,4%	22,7%	28,9%	23,7%	31,0%
Textiles	0,7%	1,6%	2,0%	9,5%	9,0%
Leather	46,1%	44,6%	42,4%	0,0%	0,0%
Paper industry and publication	3,8%	8,5%	9,4%	8,0%	10,4%
Chemical industry	10,6%	2,9%	2,3%	2,0%	1,8%
Plastics	0,4%	0,3%	1,2%	0,9%	7,1%
Glass	3,2%	10,6%	4,8%	4,5%	7,0%
Motors	3,4%	4,7%	7,6%	29,6%	25,7%
Electricity and electronics	10,9%	10,3%	4,6%	7,7%	1,2%
Electricity production and distribution	19,1%	1,0%	0,1%	0,6%	1,2%
Building industry	1,7%	0,7%	0,4%	0,3%	0,2%
Wholesale and retailing	6,9%	9,2%	9,6%	8,9%	10,6%
Communication	5,5%	3,0%	28,3%	25,4%	20,1%
Education	2,8%	2,6%	1,0%	16,7%	11,7%
Other service activities	8,9%	11,4%	9,0%	7,3%	7,5%
Unspecific activity		14,9%	4,6%	2,4%	34,2%

Fishing quotas constitute a big share of the intangible assets in fishing. The tax-code stipulates that asset value of quota can only be booked if the quota has been paid for. Quotas were grandfathered into the fisheries during the period of 1984 to 1990. Hence value of quotas can only enter the asset side of the accounts if bought or if the firm has been subject to merger and acquisition. We see that value of intangible assets in fishing increases from 22% of total assets in 2003 to 35% in 2007 which is consistent with widespread management buy-out activity in the industry during this period. We see big fluctuations in the ratio of non-tangible to total-assets in many other industries. That might also reflect the results of merger and acquisation in those industires. Some of the oldest and most respected firms in Iceland were transformed into holding companies (Shipping companies and airliner). The driver behind increases in ratio of intangible assets to total assets was not stipulations of the tax-code as in the case of the fishing firms. The driver was rather the bubble-driven assumed increase in the value of intangible assets of those firms.

Table 2. Intangible assets by industry, 2008 and 2009

Industry	2008	2009
AGRICULTURE, FORESTRY AND FISHING	30,2%	30,0%
MINING AND QUARRYING	1,6%	5,2%
MANUFACTURING	11,8%	11,8%
ELECTRICITY, GAS, STEAM AND AIR CONDITIONING SUPPLY	2,0%	2,0%
WATER SUPPLY; SEWERAGE, WASTE MANAGEMENT AND REMEDIATION ACTIVITIES	5,1%	4,8%
CONSTRUCTION	3,6%	1,4%
WHOLESALE AND RETAIL TRADE; REPAIR OF MOTOR VEHICLES AND MOTORCYCLES	9,2%	11,0%
TRANSPORTATION AND STORAGE	2,4%	4,0%
ACCOMMODATION AND FOOD SERVICE ACTIVITIES	2,5%	2,0%
INFORMATION AND COMMUNICATION	34,4%	39,3%
PROFESSIONAL, SCIENTIFIC AND TECHNICAL ACTIVITIES	1,5%	1,5%
ADMINISTRATIVE AND SUPPORT SERVICE ACTIVITIES	6,2%	9,5%
EDUCATION	5,6%	4,6%
HUMAN HEALTH AND SOCIAL WORK ACTIVITIES	0,7%	0,6%
ARTS, ENTERTAINMENT AND RECREATION	10,6%	11,2%
OTHER SERVICE ACTIVITIES	1,3%	1,1%
UNSPECIFIED ACTIVITY	18,5%	16,3%

Table 2 reflects the same trend as table 1. Note that Agriculture and fisheries are now treated as one category.

One can envision a realignment of valuation of intangible assets in the vake of the restructuring of the balance-sheets of Icelandic firms that follows the collapse of the financial system in 2008 and the pursuing sharp devaluation of the krona. Such changes will reflect a real devaluation of goodwill and other intangible assets.

In-tangible assets and the collapse of the financial sector

Einar Guðbjartsson (2003) looked at development of intangible assets of publicly traded firms during the period 1995 to 2001. He did summarize his findings in the following diagram. The black columns show the size of intangible assets as percentage of total assets in stock-exchange registered firms in Iceland



Mynd 1. Hlutfall óefnislegra eigna – miðað við 31. desember ár hvert

Figure 1. Intangible assets as percentage of total assets (black columns) and fixed assets (white column) at end of each year

The figure shows that in-tangible assets were in the range of 2 to 3,5% of total assets during the decade prior to the rise of the Icelandic financial bubble.



Figure 2. Growth of intangible assets by type of activity, Holding comapanies (Eignarhaldsfélög), Real estate (Fasteignafélög), Financial institutions (Fjármálafyrirtæki), Fishing (Sjávarútvegur), Retail (Smásala), Insurance (Tryggingarfélög)

Figure 2 is reproduced from the report of the Special Investigation Commission of Althingi on the events leading up to the fall of the Icelandic banks in October 2008. The figure indicates a dramatic growth of intangible assets in Holding companies and in fishing companies during the period. Intangible assets of financial companies starts to grow from 2005 and onwards.

Few conclusion

It seems fair to conclude that growth of intangible assets has helped to fuel the financial bubble that engulfed the Icelandic economy and collapsed in 2008. Growth of the item intangible assets on balance sheets of both listed and non-listed companies on the stock exchange seems to be one of the indicators of a bubble in the economy.

Intangible assets can in some cases be written off (does not apply to booked value of fishing quotas in the Icelandic legislature). Hence, inflating the size of that assets-post can prove favourable with respect to the size of the tax bill. There are therefore considerable public interest in avoiding overblown size of that asset post.

Heimildir

Einar Guðbjartsson. (2003). Þróun óefnislegra eigna á íslenska hlutabréfamarkaðnum á árunum 1995 til 2001. Í Ingjaldur Hannibalsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IV: Viðskiptafræðideild* (bls. 97-114). Reykjavík: Háskólaútgáfan.